

28

8. maí

L Ö G

um breytingu á heilsuverndarlögum nr. 44/1955.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra skipar fasta lækna heilsuverndarstöðva, og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. verði 6. gr. og 6. gr. verði 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

29

17. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Sumarleyfi iðnnema skal vera 18 dagar virkir, með fullu kaupi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.